

Samþykktir faghóps um menntun, fræðslu og fræðistörf í UT

1. gr.

Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörf í UT er faghópur innan Ský og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá nánar á vefsíðu félagsins (www.sky.is).

2. gr.

Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið móðurfélagsins og felast m.a. í:

- að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um menntun og fræðslumál í tölvugeiranum
- að hvetja til samstarfs og þekkingarmiðlunar milli atvinnulífsins, skóla og stjórnvalda
- að hvetja til fræðistarfa um UT
- að efla tengslamyndun jafnt innan fagsins sem út fyrir það, s.s. skóla og almennra fyrirtækja og stofnana
- að stuðla að aukinni fræðslu og fagmennsku í UT-menntun
- að leitast við að efla notkun íslenskrar tungu við umfjöllun í menntun og fræðslu
- að auka gæði og framboð í tölvumenntun á öllum skólastigum
- að auka vitund um hlutverk og og nýtingu UT í námi og störfum

3. gr.

Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi Ský til eins árs í senn og er skipuð amk. fimm einstaklingum, sem útnefnir formann á fyrsta fundi hópsins. Samsetning stjórnar skal endurspeglar sem best þekkingu og fagsvið félaga faghópsins.

Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum faghópsins með því að standa fyrir ýmsum viðburðum, þar með talið einum stórum á ári auk minni og óformlegri viðburða.

Stjórn faghópsins skilar skýrslu um starf sitt til stjórnar Ský fyrir aðalfund Ský.

4. gr.

Félagar skulu samkvæmt reglum Ský um faghópa vera félagar í Ský og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki skulu greidd sérstök félagsgjöld til faghópsins.

Þurfi hópurinn á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað í samráði við framkvæmdastjóra Ský.

5. gr.

Samþykktum má eingöngu breyta með einfaldri meirihlutakosningu þar sem öllum félagsmönnum gefst færi á að kjósa. Breytingartillögur og kosningafyrirkomulag skal vera kynnt með viku fyrirvara.

Samþykkt á stofnfundi þann 28. febrúar 2013.